

Nd.

824. Nefndarálit

[321. mál]

um frv. til vaxtalaga.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur haldið nokkra fundi um málið og fjallað allítarlega um það. Til fundar við nefndina komu: Eiríkur Guðnason deildarstjóri, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., Jónatan Þórmundsson prófessor og Sveinbjörn Hafliðason, lögfræðingur Seðlabanka Íslands.

Nefndin klotnaði í afstöðu sinni til málsins og minni hl. mun skila sérálit. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja og fylgja einstökum breytingartillögum, en meiri hl. flytur sameiginlegar breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Umræðurnar í nefndinni snerust ekki síst um III. kafla frumvarpsins, en Jón Steinar Gunnlaugsson afhenti nefndinni nýjar tillögur um III. kafla laganna. Nefndinni gafst ekki nægilegt ráðrúm til að fara í saumana á tillögum Jóns, en sumir nefndarmanna telja eðlilegt að ráðuneytið skoði þær gaumgæfilega á næstu mánuðum með það í huga flytja frumvarpið á næsta þingi ef það þykir henta. Tillögur Jóns Steinars eru birtar sem fylgiskjal með nefndarálit minni hl. á þskj. 778.

Meiri hl. nefndarinnar mun flytja sérstakt fylgifrumvarp til breytinga á ýmsum lögum, en það er nauðsynlegt verði þetta frumvarp að lögum, sbr. fylgiskjöl I–V með frumvarpinu.

Alþingi, 10. mars 1987.

Páll Pétursson,
form.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr., með fyrirvara.

Friðrik Sophusson,
frsm.

Guðmundur Bjarnason.

Ólafur G. Einarsson.

Halldór Blöndal.